

**49** Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Ytri-Akranesshrepps hefir samið og  
**20. apríl** samþykkt, staðfestist hjemeð samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924 og birtist til  
 eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. apríl 1925.*

**Magnús Guðmundsson.**

---

*Oddur Hermannsson.*

**50**  
**21. apríl**

## **SAMÞYKT**

**um**

**samgirðingu fyrir vesturhluta Áshrepps, sunnan Kornsár og utan  
 Saurbæjar.**

Hreppsnefndin í Áshreppi í Austur-Húnavatnssýslu hefir samkvæmt  
 girðingalögum frá 22. nóvember 1913 gert eftirfarandi samþykkt um samgirð-  
 ingu fyrir jarðirnar Undirfell, Snæringssstaði, Brúsastaði og Ás.

### **1. gr.**

Girða skal frá norðurhorni Berjahvammis út og vestur að Skínanda,  
 þaðan upp undir Svartagilsendann nyrðri, og svo beina línu, sem næst  
 Kornsá, suður að merkjum milli Áss og Saurbæjar, og þaðan sem næst merkj-  
 um milli Saurbæjar og Áss niður í Vatnsdalsá.

Girðing þessi skal vera 5 þætt gaddavírsgirðing eða net, og að öðru  
 leyti eins fullkomin og Búnaðarfélag Íslands telur nægilegt.

### **2. gr.**

Kostnaði öllum við lagningu girðingarinnar, svo og árlegum viðhalds-  
 kostnaði, vöxtum og afborgunum af láni því, er til girðingarinnar verður  
 tekið, skal jafnað niður á alla þá, er fasteign eiga á svæðinu og lausafje  
 tíunda, þannig: að helmingur árlegrar greiðslu skal greiðast af landeigend-  
 um á svæðinu eftir fasteignamati á landi hverrar jarðar, í rjettum hlut-  
 föllum við matsverð jarðanna. Hinn helmingurinn skal greiðast af þeim, er  
 fje og hross tíunda á áðurnefndu fjelagssvæði, þannig: að 1 hross 1 vetra  
 og eldra skal teljast á móti 5 kindum 1 vetra og eldri.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

## 3. gr.

50

Fjelagsmenn eru allir þeir, sem gjald greiða til girðingarinnar og 21. apríl hafa allir jafnan atkvæðisrjett um þau mál, er girðinguna varða.

## 4. gr.

Fjelagið kys sjer þriggja manna stjórn til þriggja ára í senn. Stjórnin skal hafa allar framkvæmdir á hendi fyrir fjelagið. Sjá um lagningu girðingarinnar, viðhald hennar, innheimtu, boða til aðalfunda, annast öll reikningsskil o. s. frv.

Stjórnin kys sjer sjálf formann úr sínum hóp og skiftir að öllu leyti með sjer verkum.

## 5. gr.

Einn aðalfund skal halda ár hvert, ekki seinna en í febrúar. Reikningsár fjelagsins er almanaksárið og öll gjöld hvers árs fallin í gjalddaga í lok þess árs. Á aðalfundi leggur stjórnin fram reikninga fyrir liðna árið til samþyktar, og skýrir að öðru leyti frá störfum sínum.

## 6. gr.

Taki ábúandi einhverrar umræddra jarða fjenað til geymslu á samgirðingarsvæðinu, skal af þeim fjenaði greiða tvöfalt girðingargjald í fjelagssjóð, hvort sem fjenaðurinn er lengur eða skemur í girðingunni.

## 7. gr.

Reka skal fjenað allan, sem til afrjettar má rekast, svo fljótt sem unt er að vorinu, og engum er heimilt að hafa stóð, annað en söluhross, innan girðingarinnar, eftir að stjórn fjelagsins telur fært að reka það til heiða.

## 8. gr.

Girði einhver af þeim jörðum, sem taldar eru á fjelagssvæðinu, land sitt af, þá skal ábúandi þeirrar jarðar laus við öll gjöld til fjelagsgirðingarinnar nema af þeim hluta hennar, sem liggur fyrir hans landi.

## 9. gr.

Samþykt þessari má breyta á aðalfundi, ef  $\frac{2}{3}$  allra atkvæðisbærri fjelagsmanna samþykkja, og breytinganna sje getið í fundarboðinu.

Samþykt þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 66, 22. nóvember 1913 til að öðlast gildi 1. júní 1925 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. apríl 1925.*

**Magnús Guðmundsson.**

---

*Oddur Hermannsson.*